



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

stjornarradid.is

Skorradalshreppur
B.t. sveitarstjórnar
Mófellsstaðakoti
311 Borgarnes

Reykjavík 22. september 2023

Tilv.: IRN22070023/4.10.6

Í því skyni að stuðla að 1.000 íbúa markinu var sveitarfélögum með færri en 250 íbúa falið að hefja formlegar sameiningarviðræður eða skila til umsagnar innviðaráðuneytisins álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og kosti sameiningar við annað eða önnur sveitarfélög eigi síðar en 14. maí 2023, sbr. 4. gr. og X. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga. Umsögn ráðuneytisins um innsent álit sveitarfélagsins liggur nú fyrir.

Ráðuneytið fer fram á að bæði álit sveitarfélagsins og umsögn ráðuneytisins verði birt á heimasíðu sveitarfélagsins og eftir atvikum kynnt fyrir íbúum sveitarfélagsins með öðrum hætti. Að því loknu skal sveitarstjórn taka ákvörðun um hvort hefja eigi formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga og hafa um það tvær umræður. Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga fer ráðuneytið fram á að vera upplýst um niðurstöðu ákvörðunar sveitarstjórnar þegar hún liggur fyrir.

Taki sveitarstjórn ákvörðun um að hefja ekki sameiningarviðræður geta minnst 10% af þeim sem kosningarétt eiga í sveitarfélaginu óskað almennrar atkvæðagreiðslu um ákvörðun sveitarstjórnar hafi slík atkvæðagreiðsla ekki þegar farið fram. Sveitarstjórn skal verða við ósk íbúa eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hún berst og skal niðurstaða atkvæðagreiðslunnar vera bindandi fyrir sveitarstjórn. Athygli er vakin á því að ef sveitarstjórn ákveður að fara í formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög skal önnur íbúakosning fara fram eftir að sameiningarviðræðum er lokið skv. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.


Sigurður Ingi Jóhannsson


Hermann Sæmundsson